

Skipulags- og byggingafulltrúi Uppsveita bs.  
Stella Rúnarsdóttir  
Dalbraut 12  
840 Laugarvatn

Reykjavík, 2. júní 2022  
UST202205-026/A.B.  
10.04.03

## **Efni: Tillaga - Deiliskipulag - Brúarhlöð í landi Hauksholts - Hrunamannahreppur**

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Hrunamannahrepps er barst 2. maí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi fyrir Brúarhlöð í Hrunamannahreppi.

Í greinargerð kemur fram að markmið verkefnisins eru að vinna heildarskipulag fyrir móttöku ferðamanna á svæðinu sem tekur til bílastæðis, fyrir um 31 bíla og 3 rútur með mögulegri stækkun, göngustíga, reiðleið, útsýnis- og áningarstaða og um 70 – 100 m<sup>2</sup> þjónustuhúss þar sem verður m.a. snyrtiaðstaða. Í greinargerð kemur fram að svæðið sé á náttúruminjaskrá og bendir stofnunin á mikilvægi þess að tillagan rýri ekki verndargildi svæðisins.

### **Umhverfisáhrif**

Í greinargerð kemur fram að áhrif á verndarsvæði og fornminjar eru metin neikvæð, en svæðið er á náttúruminjaskrá. Hins vegar kemur ekki fram hver neikvæðu áhrifin tillögunnar eru verndarsvæðið, en mikilvægt er að það komi fram. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að valin verði sú útfærsla á göngustígum og staðsetning áningarstaða sem rýri ekki verndargildi svæðisins.

Varðandi núll kostinn, þá er svæðið í dag áningarstaður með bílastæðum og gönguleiðum og því mat Umhverfisstofnunar að það þurfi að meta núverandi ástand og hver umhverfisáhrif verða ef ekki verður farið í fyrirhugaða uppbyggingu.

Að mati Umhverfisstofnunar er ávallt rask við gerð göngustíga, áningarstaða og bílastæða. Umhverfisstofnun tekur undir að almennt sé eru áhrif tillögunnar á umhverfið mun jákvæðari en núverandi ástand. Umhverfisstofnun telur mikilvægt að halda raski á svæðinu í lágmarki og við framkvæmdir svo sem göngustígagerð verði gróðurtorfur lagðar til hliðar, þegar það á við, og þeim komið fyrir á yfirborði í lok frágangs, til að draga úr neikvæðum áhrifum á gróður. Stofnunin bendir á að greinargóðar leiðbeiningar um frágang raskaðra svæða má finna inni á vefsíðunni [www.namur.is](http://www.namur.is).

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson  
*sérfræðingur*

Björn Stefánsson  
*sérfræðingur*